

VIÐAUKI**við reglugerð nr. 92, 28. febrúar 1994, um hrognkelsaveiðar.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákv. 6. gr., er heimilt á árinu 1994 að stunda grásleppuveiðar:

1. Fyrir Vesturlandi, í Breiðafirði og fyrir Vestfjörðum til 20. ágúst.
2. Fyrir Suðurlandi til 1. ágúst.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júlí 1994.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.Þórður Eyþórsson.